Tímasett úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti Umhverfisstofnunar

Varðandi:
Tímasetta áætlun vegna frávika sem komu fram í reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar hjá Coripharma ehf þann 14. Desember 2020. Eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar var Hulda Soffía Jónasdóttir. Málsnúmer UST202003-312/H.S.J.08.09.02

Frávik:
Frávik voru tvö en sneru að sama atriði fyrir árin 2019 og 2020 og varða 7. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
„Óheimilt er að losa efni á lista II í viðauka reglugerðar um varnir gegn mengun vatns án sérstakrar heimildar losunarmarka í starfsleyfi. Slík heimild er ekki í starfsleyfi rekstraraðilia. Efni á lista II mældust í vatnssýnum úr fráveitu rekstraraðila á árunum 2019 og 2020.“

Bakgrunnur:
Starfsleyfi Coripharma er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. Í því starfsleyfi eru ekki gefin upp losunarmörk fyrir . Síðan starfsleyfið var gefið út hafa orðið reglugerðarbreytingar og nú er eftirlit með lyfjaiðnaðinum á höndum Umhverfisstofnunar. Úrbótaáætlun Coripharma gengur út á að fá nýtt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun með losunarheimildum sem sem hæfa starfsemi fyrirtækisins.

Úrbótaáætlun:
Áætlunin skiptist í tvennt.

1) Skil á umsókn um nýtt starfsleyfi ásamt fylgigögnum. Stefnt er að því að ljúka þessum áfanga fyrir 31. mars 2022.
2) Úrvinnsla Umhverfistofnunar á umsókn og fylgigögnum frá Coripharma. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er afgreiðslutími frá 6-10 mánuðum. Því er stefnan að ljúka þessum áfanga seint á árinu 2022 eða snemma árs 2023.

Fyrir hönd Coripharma ehf

Jóhannes Helgason
ÖHU sérfræðingur

CORIPHARMA
Reykjavikurvegur 76-78
220 Hafnarfjordur, Iceland
Tel: +354 420-6831
Mobile: +354 860-4304